

Fundargerð

Fundur var haldinn í Íslenskri málnefnd í fundarsal mennta- og viðskiptaráðuneytisins, Skúlagötu 4, fimmtudaginn 17. febrúar 2022 og hófst kl. 15.30. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Arnhildur Arnaldsdóttir, Dagný Heiðdal, Guðrún C. Emilsdóttir, Hugrún R. Hólmgeirsdóttir, Kristín Margrét Jóhannsdóttir, Renata Emilsson Peskova, Steinunn Stefánsdóttir og Sveinn Yngvi Egilsson. Hafsteinn Karlsson, Melkorka Tekla Ólafsdóttir og Svanhildur Sverrisdóttir boðaðu forföll. Sölvi Björn Sigurðsson og Þórður Sævar Jónsson voru fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Kjör þriðja varamanns í stjórn málnefndarinnar

Sjá fg. ÍM 1/2020, 2. lið. Ásgrímur Angantýsson, sem sat í stjórn málnefndarinnar, hætti um áramótin. Luciano Dutra, fyrsti varamaður, tók sæti í stjórn í stað Ásgríms. Svanhildur Sverrisdóttir verður þá fyrsti varamaður í stjórn og Jóhann R. Kristjánsson annar varamaður. Á fundinum var Kristín Margrét Jóhannsdóttir kjörin þriðji varamaður.

2. Ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu

Samkvæmt stefnuskrá Íslenskrar málnefndar 2020–2024 er megináhersla í starfi nefndarinnar staða tungunnar á netinu. Netið verður því höfuðatriði ályktunar ársins og á árlegu málræktarþingi, sem haldið verður í september, verður einnig fjallað um stöðu tungunnar á netinu.

Á fundinum var rætt um væntanlega ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2022 og var fundarmönnum skipt upp í tvo hópa við umræðurnar. Punktur frá hópunum verða notaðir við gerð ályktunarinnar.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir á fundinum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.30.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.